

**Ed.**

## **274. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948).

### **1. gr.**

Fyrsta málsgr. 41. gr. laganna hljóði þannig:

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, þar með talin úttekt eiganda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu.

### **2. gr.**

1. töluliður 42. gr. orðist svo:

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði — skal greiða 2%.

### **3. gr.**

Síðasta málsgr. 42. gr. laganna (2. töluliður) hljóði þannig:

Sölu þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald nr. 62 11. júní 1938. Undanþága þessi nær þó eigi til þeirra, sem greiða söluskatt við innflutning vara samkv. 1. tölulið 42. gr.

### **4. gr.**

Framan við 44. gr. laganna bætist: Söluskattur samkv. 1. tölulið 42. gr. skal innheimtur af innheimtumönnum ríkisins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra) um leið og varan er tollafgreidd og nýtur skatturinn sömu lögverndar og önnur aðflutningsgjöld.

### **5. gr.**

Upphaf 46. gr. orðist svo: „Verð vöru og þjónustu“ . . . .

### **6. gr.**

47. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning hans og innheimta er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja samskonar vörur eða þjónustu, sem um ræðir í 41. gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum. Í reglugerð skal ákveða um meðferð kæra og kærufresti.

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnar-skrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

## Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Komið hefur í ljós, að ákvæði VII. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er varða söluskatt af umboðssölu, eru lítt framkvæmanleg og hafa allverulegan kostnað og óþægindi í för með sér. Auk þess virðast ákvæðin um að undanþiggja ríkisstofnanir söluskatti geta leitt til þess, að misjafnt verðlag gæti skapast á sömu vörutegundum viðs vegar á landinu, eftir því hvort um væri að ræða ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki.

Af framangreindum ástæðum telur fjármálaráðherra brýna nauðsyn bera til, að sett verði bráðabirgðalög um breyting á fyrrgreindum lögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28 gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Fyrsta málsgr. 41. gr. laganna hljóði þannig:

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, þar með talin úttekt eiganda úr sjálfs sin fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu.

#### 2. gr.

1. töluliður 42. gr. orðist svo:

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði — skal greiða 2%.

#### 3. gr.

Síðasta málsgr. 42. gr. laganna (2. töluliður) hljóði þannig:

Sölu þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald nr. 62 11. júní 1938. Undanþága þessi nær þó eigi til þeirra, sem greiða söluskatt við innflutning vara samkv. 1. tölulið 42. gr.

#### 4. gr.

Framan við 44. gr. laganna bætist: Söluskattur samkv. 1. tölulið 42. gr. skal innheimtur af innheimtumönnum ríkisins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra) um leið og varan er tollafgreidd og nýtur skatturinn sömu lögverndar og önnur aðflutningsgjöld.

#### 5. gr.

Upphaf 46. gr. orðist svo: Verð vöru og þjónustu ....

#### 6. gr.

47. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning hans og innheimta er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu, sem um ræðir í 41. gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum. Í reglugerð skal ákveða um meðferð kæra og kærufresti.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. janúar 1948.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*